

**Mál nr. 194/2021****M og  
V vegna ábyrgðartryggingar X****Ágreiningur um bótafjárhæðir.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 11. maí 2021, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 26. maí 2021, ásamt tjónsmötum.
3. Tölvupóstur M, dags. 27. maí 2021.
4. Tölvupóstur V, dags. 11. júní 2021.

**Málsatvik.**

Af málskoti og tölvupósti M dags. 27. maí 2021 má ráða að M hafi orðið fyrir tjóni og ágreiningur sé um hvaða fjárhæð eigi að greiða fyrir það tjón. Í tölvupósti V dags. 11. júní 2021 kemur fram að V sé ábyrgðartryggjandi X og ekki sé ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni, en ágreiningur sé um bótafjárhæð og að V samþykki að nefndin fjalli um þann ágreining, en áskilið er slíkt samþykki allra málsaðila skv. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005.

Í málinu liggja fyrir tvenns konar tilboð, annars vegar frá A að fjárhæð 6.061.000 kr. sem M aflaði. Hins vegar liggur fyrir tilboð frá B sem hljóðar upp á samtals 2.674.635 kr., en það er lagt fram af hálfu V.

Af málatilbúnaði M verður helst ráðið að þær bætur sem V hefur boðið vegna tjóns hans nái ekki til að bæta tjónið og lýsir því að hafa boðið V að greiða 5.000.000 kr. til að ljúka málinu. M telur að mat B nái ekki yfir kostnað við viðgerð.

V vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um fjárhæð tjóns síns og ekki dugi að leggja einhliða fram tilboð frá einum aðila sem ekki sé nægilega sundurliðað eða rökstutt. V telur rétt að leggja mat frá Aftaki ehf. til grundvallar upp á 2.674.635 kr. á meðan ekki liggja fyrir önnur sönnunargögn um tjónið.

**Álit.**

Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt mat á þeim skemmdum sem urðu á eigum M vegna tjóna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem verður fyrir tjóni beri sönnunarbyrði um fjárhæð þess tjóns. Í málinu liggja fyrir tilboð frá tveimur mismunandi fyrirtækjum með einhverri sundurliðun á efnis- og vinnuliðum, en ekki er hægt að bera þau tilboð saman við mat á þeim skemmdum sem urðu. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti. V hefur samþykkt að miða bætur til M við tiltekna fjárhæð og telst M ekki hafa sýnt fram á með nægilega skýrum gögnum að tjón hans hafi orðið meira en sem þeirri fjárhæð nemur. M á því ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M, á ekki rétt á frekari bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. júní 2021.

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.